

**BORGARRÁÐ 13. apríl 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar - MSS23040049**

Fyrirspurn frá Flokki fólksins um hversu alvarlegur fjárhagsvandi Reykjavíkurborgar er. Er Reykjavíkurborg á leið í þrot? Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) sendi Reykjavíkurborg bréf í lok febrúar sl. þar sem athugasemdir eru gerðar við að borgin uppfylli ekki öll lágmarkskviðmið fyrir A-hluta rekstra. Flest bendir til að fjárhagsstaða Reykjavíkur sé verri en áður eru dæmi um. Sveitarfélagið virðist engan veginn vera rekstrarlega sjálfbært. Hætt var við skuldabréfaútboð sem átti að vera þann 12. apríl. Það kemur í kjölfar þess að Reykjavíkurborg hætti einnig við skuldabréfaútboð sem átti að fara fram þann 8. mars sl. Það hlýtur að hafa verið niðurlægjandi fyrir Reykjavíkurborg, fjölmennasta sveitarfélag landsins, enda merki um ákveðið vantraust markaðarins á fjárhagsstöðu borgarinnar og greiðslugetu hennar. Niðurlæggingin er þó ekki aðalatriðið heldur alvarleiki málsins alls. Þær skýringar sem gefnar hafa verið um að borgin þurfi ekki að fara í skuldabréfaútboð þar sem hún hefur aðra betri lánakosti (lánalínur) eru ekki trúverðugar. Borgin hefur á undanförunum misserum spennt bogann til hins ýtrasta hvað varðar rekstrarkostnað, fyrirhugaðar framkvæmdir og sívaxandi lántöku. Ekki er séð að sýna eigi nauðsynlegt aðhald með því að fresta fjárfrekum framkvæmdum sem ekki er brýn þörf á að ganga í.